

## Jákvæð viðmið í stærðfræðikennslu

Jo Boaler stærðfræðiprófessor við Stanford University segir að til að byggja upp jákvætt „**stærðfræðiumhverfi**“ þurfi nemendur að fá tækifæri til að vera virkir í eignin námi og þróa sjálfir með sér þekkingu hennar. Til þess þurfi kennarar og foreldrar að breyta viðhorfum sínum gagnvart stærðfræðikennslu og stærðfræðinámi.

1. **Allir geta lært stærðfræði.** Hvetjið nemendur til að trúa á sjálfa sig. Allir geta náð þeim árangri sem þeir vilja, með því að leggja á sig vinnu.
2. **Að gera mistök er mikilvægt.** Mistök þroska heilann! Það er gott að glíma við viðfangsefnin og gera mistök.
3. **Spurningar eru mjög mikilvægar.** Spyrjið alltaf spurninga og svarið þeim alltaf. Spyrjið sjálfa ykkur: „Hvers vegna virðist þetta vera skynsamlegt svar?“
4. **Stærðfræði snýst um sköpun og skilning.** Stærðfræði er skapandi sem í eðli sínu snýst um að sjá fyrir sér mynstur og leita leiða að lausnum sem aðrir geta skilið, talað um og gagnrýnt.
5. **Stærðfræði byggist á samhengi og samræðum.** Stærðfræði byggist á tengja saman hluti og til þess þarf tungumálið. Hvetjið nemendur til að setja niðurstöður sínar fram á mismunandi vegu s.s. í orðum, myndum, línuritum, jöfnum o.fl..
6. **Skilningur er mikilvægari en hraði.** Betra er að ígrunda vel og dýpka skilning sinn í stærðfræði með því að setja hlutina í samhengi og geta rökstudd.
7. **Stærðfræði fjallar um að læra en ekki bara að framkvæma.** Skilningur í stærðfræði vex hægt og bitandi, það tekur tíma að byggja upp fullkominn skilning á henni og til þess þarf þrautseigju og vinnu.

Jo Boaler. Setting up Positive Norms in Math Class  
Youcubed at Stanford University

<http://www.youcubed.org/wp-content/uploads/Positive-Classroom-Norms2.pdf>

